

16. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

5. febrúar 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:10

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB) og Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ) í gegnum fjarfundarbúnað, Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ) og Páll Marís Pálsson (PMP), ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 18:30

Fundarstjóri: SHB

Dagskrá:

- Fundargerðir til umræðu og samþykktar:**
 - [Fundargerð](#) 15. stjórnarfundar.
 - [Fundargerð](#) 4. fulltrúaráðsfundar.
- Kærumálið:** TI hefur sent andmælabréf LUF á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - Svarbréf barst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna beiðni LUF um endurskoðun samnings um rekstrarframlag á grundvelli 7.2. Í samningi. Ákvað ráðuneytið að veita 4 m.kr. til viðbótar við samningsupphæð fyrir árið 2019 verður því alls 12. m.kr.
- Húsnæðismál:** Farið var yfir drög að húsaleigusamningi og ákveðið var að leggja til að greiða fyrir eina starfsstöð þar til að fleiri starfsmenn bætast við.
- Alþjóðamál:** Ákveðið var að TI sækir undirbúningsfund YFJ í Brussel fyrir High-Level Political Forum 2019 þar sem Ísland mun kynna landsrýni (e. Voluntary National Review).
- Skuggaþing:** Drög að umsókn til Erasmus+ var samþykkt.
- Sambandsþing:** TI var falið að undirbúa fundarboð.
 - Drög að dagskrá var samþykkt.
 - MÖÓ lagði til að halda árgjaldi óbreyttu og var sú tillaga samþykkt.
 - Gerðar voru fjóra tillögur að lagabreytingum sem voru samþykktar. TI var þó falið að finna stað í samþykktum fyrir kjörnefnd, skal tillagan tilbúin fyrir 17. stjórnarfund. Ákveðið var að PMP tali fyrir lagabreytingum f.h. stjórnar á sambandsþingi.
 - Ritun ársskýrslu var verkaskipt á milli stjórnarmanna, frestur til að ljúka við texta er 24. febrúar.
- Næsti og síðasti stjórnarfundur** starfstímabilsins verður 13. febrúar kl. 18:15.
- Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:49

TI ritaði fundargerð.